



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

41. tölublað 5. árgangur febrúar 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

augun í strútum eru stærri en heilinn í þeim?

Þorrapræll

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólástjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður
raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Þorinn mættur súr og bjartur og framundan er fullt af alls konar skemmtilegum upþakomum, bolluát, viðtalsdagur grunnskólastígs, öskudagur, vetrarfrí, Dagur leikskólans, upplestrarhátíð 7. bekkjar ofl. Vetrarönn lýkur 10. febrúar og eftir vetrarfrí hefst vorönn sem endar á sumarfrí. Endilega komdu í heimsókn þegar þér hentar!

Kveðja frá skólástjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Stóra upplestrarhátíðin í 7. bekk

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þetta á ekki síst við um lokahátíð keppinnar.

Forkeppni Árskógar skóla fer fram miðvikudaginn 24. febrúar kl. 12:10 þar sem dómnefnd velur tvo fulltrúa. Allir nemendur 7. bekkjar skólans taka þátt og æfa sig þannig hver á sinn hátt.

Lokakeppnin verður í Bergi miðvikudaginn 2. mars kl. 14°



Vinnuhópur um framtíð skóla og félagsheimilis

Fræðsluráð hefur skipað vinnuhóp sem á að fjalla um og koma með tillögur að framtíðarskipulagi skóla og félagsheimilis í Árskógi. Ástæðan er fækkun nemenda og samsetning nemendahópsins. Til dæmis vantar í dag nemendur í tvo árganga og frá næsta hausti, miðað við óbreytt ástand, verður enginn nemandi í 1. bekk, enginn í 5. bekk, einn í 6. bekk og einn í 7. bekk. Þessi staða kallar á naflaskoðun og það er hlutverk hópsins sem inniheldur fræðslustjóra, fulltrúa úr fræðsluráði, fulltrúa skólans og foreldra auk annarra sem koma að rekstri félagsheimilis s.s. sundlaugar. Hópurinn á að skila tillögum í byrjun apríl.

Bolludagur og öskudagur verða með hefðbundnu sniði hér í skólanum.

Á *bolludaginn* sjá elstu nemendur um bollubúð og allir fá að fara í búðina og gæða sér á bolla.

Á *öskudaginn* verður veitt **söngfrí** fyrir þá sem þess óska (foreldrar þurfa að fá leyfið). Börnin sem koma og ætla að eiga skemmtilegan dag með okkur mega endilega mæta í búningum. Kötturinn verður sleginn úr tunnunni og boðið er upp á andlitsmálingu fyrir þá sem vilja.

Á öskudaginn lokar skólinn 12:00.

Veikindi-Kötlukot

Nú þegar flensan er aðeins farin að stinga sér niður viljum við minna foreldra á að hringja og láta vita ef barn kemur ekki vegna veikinda.

Því miður getum við ekki alltaf orðið við því að börn séu inni eftir veikindi en ef foreldrar óska þess er um að gera að hringja til okkar í upphafi morguns og athuga stöðuna.



Dagur leikskólans

Föstudaginn 5. febrúar verður Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslenskri leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.

Í tilefni af degi leikskólans ætlum við að bjóða foreldrum þegar þeir koma með börnunum sínum að setjast niður og fá sér að borða með okkur og skoða verk barnanna sem þau hafa unnið í tengslum við þjálfun, heilsa, vellíðan, líkami og sál þemað. Þegar fer að birta ætlum við að skella okkur út og hafa útivistardag.



Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:00.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2015-2016](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



Viðburðadagatal febrúar 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

1 Skipulagsdagur LOKAÐ 	2	3	4	5 Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur	6 Dagur leikskólans	7 Dagur stærðfræðinnar
8 Bolludagur 	9 Sprengidagur  Viðtöl grunnskólastigs	10 Öskudagur  Skóli lokar 12^o Vetrarönn lýkur	11 Vetrarfrí LOKAÐ 	12 Vetrarfrí LOKAÐ	13	14
15 Vorönn hefst Smiðjuskípti	16 I. bekkur á skíði	17 Dótadagur 	18	19	20	21 Konudagur
22	23 I. bekkur á skíði	24 Upplestrarhátíð Bókasafn kl. 12:10 	25	26	27 Elvý Inga 7 ára 	28
29						